

Ed.

402. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Þrír nefndarmanna mæla með frumvarpinu með lítilsháttar breytingu, en tveir eru á móti því. Þegar frv. var afgr. frá Nd., mun hafa fallið niður af vangá tilvitnun í lögum frá 1912, og þarf að breyta því. Frumvarp samhljóða þessu var samþykkt í Ed. 1928, og visast til nefndarálits um það á þskj. 189, A. 1928.

Meiri hluti fjárhagsnefndar mælir með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Við 1. gr. Á eftir 1. línu komi:

4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1912, hljóði svo.

Alþingi, 23. apríl 1929.

Ingvar Pálmason,
form.

Jón Baldvinsson,
fundaskr., frsm. meiri hl.

Björn Kristjánsson.